

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 19. ágúst 2021

Mál nr. S-479/2020:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta var þingfest 9. desember 2020 og dómtekið 26. febrúar 2021. Því var endurúthlutað 23. júní sl. og það endurupptekið og dómtekið að nýju 29. júlí sl.
- Málið var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, dagsettri 7. september 2020, á hendur:
„X, kt. [...], [...], Akureyri,
fyrir húsbrot, með því að hafa miðvikudaginn 13. maí 2020, ruðst í heimildarleysi inn í íbúð Y, kt. [...] að [...] á Siglufirði og neitað að yfirgefa íbúðina þegar hann var krafinn um það.
Telst þetta varða við 1. mgr. 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.
Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“
Við aðalmeðferð málsins var orðalagi ákæru breytt á þann veg að í stað orðsins „ruðst inn“ komi orðið „farið inn“ í heimildarleysi. Brotið varði engu að síður við tilvitnað lagaákvæði.
- Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara lægstu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann málsvarnarlauna samkvæmt málskostnaðaryfirliti verjanda.

Málsatvik. Rannsókn. Sönnunarfærsla.

- Samkvæmt lögregluskýrslu barst beiðni um aðstoð kl. 9:54 þann 13. maí 2020 vegna manns sem hefði ruðst óboðinn inn á heimili að [...], Siglufirði. Beiðninni fylgdu þær upplýsingar að maðurinn hefði deginum áður ráðist á húsráðanda að [...] í Eyjafirði. Er lögregla kom á staðinn var maðurinn farinn af vettvangi. Voru húsráðandi, brotþoli í máli þessu, og kærasti hennar, A, inni í svefnherbergi og brotþoli sat grátandi í rúminu í mikilli geðshræringu. Voru þau íklædd náttfötum. Tjáði brotþoli lögreglu að umræddur maður hefði ráðist á hana deginum áður og [...] þegar hún hafi verið þar í atvinnuviðtali. Hafi hann hótad henni ef hún segði frá atvikinu. Kvaðst hún hafa haldið að hann væri nú

kominn til að hefna sín fyrir að hafa tilkynnt atvikið í [...] til lögreglunnar á Akureyri. Kvaðst hún hafa séð ákærða út um gluggann á svefnherberginu þegar hann knúði dyra, en dóttir hennar B hafi opnað fyrir honum. Hann hafi svo ruðst inn óboðinn og haldið áleiðis upp á efri hæð hússins, þar sem A hafi stöðvað för hans. A kvaðst hafa verið inni í svefnherberginu þegar ákærði knúði dyra. Hann hafi farið fram þegar hann heyrði að B var búin að opna útidyrnar og sagt ákærða að „drulla sér út“, en ákærði hafi ekki sinnt því, heldur viljað ná tali af húsráðanda. Brotapoli hafi alls ekki viljað hitta ákærða aftur. Skýrði A frá því að til átaka hefði komið á milli hans og ákærða og kvaðst viðurkenna að hafa slegið ákærða og sparkað til hans. Þá hafi ákærði rúllað niður stigann og A farið á eftir honum. Ákærði hafi síðan farið út og ekið í burtu. Ákærði var handtekinn skömmu síðar.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

- 5 Ákærði neitar sök. Kveðst hann hafa farið að heimili brotþola og viljað ræða mál sem hafi verið borið upp á hann. A hafi komið heim til sín kvöldið áður og viljað ræða ásakanir brotþola á hendur ákærða. Þeir hafi ekki útkljáð málið þá. Aðspurður kvað hann þá ekki hafa skilið í góðu. Hann hafi reynt að ná sambandi við brotþola og A símleidis í framhaldinu og viljað ræða málið, en ekki náð sambandi við þau. Því hafi hann ákveðið að fara heim til brotþola og ræða við hana. Hann hafi knúið dyra, beðið augnablik og bankað aftur. Dóttir brotþola hafi þá komið til dyra, beðið hann að bíða og hlaupið upp stiga, sem hafi legið upp á efri hæðina. Segist ákærði hafa verið staddur í hurðargættinni en stigið inn í anddyrið á meðan stúlkan fór og ræddi við brotþola. Stúlkan hafi svo komið niður stigann og sagt að brotþoli væri sofandi og hann yrði að koma seinna. Hann hafi á sama tíma heyrt í brotþola ræða við A og þá ákveðið að fara inn í íbúðina og kvaðst hafa stigið upp í sennilega annað þrep og kallað á brotþola hvort þau gætu ekki rætt málin. A hafi komið hlaupandi úr svefnherberginu á efri hæðinni og öskrað sennilega tvisvar til þrisvar sinnum á sig að fara út. A hafi svo komið og hrint sér niður stigann og hann hrasað við. Hann hafi síðan verið á leiðinni út um útidyrnar þegar A hafi slegið sig í höfuðið, en við það hafi hann misst af sér skóinn en þó ekki hrasað við. Aðspurður taldi hann skóinn hafa verið lausan á sér.
- 6 Staðfesti ákærði að stúlkan hefði ekki boðið honum inn í íbúðina, heldur beðið hann að bíða niðri. Hann hafi hins vegar ekki skilið það þannig að honum væri ekki heimilt að stíga inn í íbúðina, þar sem dyrunum hafi ekki verið lokað þó stúlkan hafi sagt honum að bíða. Þá hafi stúlkan komið niður með þau skilaboð að brotþoli og kærasti hennar væru sofandi, en í því hafi að hans mati ekki falist svar um að þau gætu ekki rætt saman, hann hafi bara viljað fá það svar.
- 7 Vitnið Y, brotþoli í málinu, kvaðst hafa verið sofandi þegar dóttir hennar hafi komið upp og sagt að það væri maður niðri sem vildi ræða við hana. ... Hún hafi sagt henni að segja að hún væri sofandi, enda hafi hún verið mjög þreytt. Hún svo heyrt einhvern kalla niðri og þá farið fram úr og litið út um gluggann og séð bíl ákærða fyrir utan. Hún hafi orðið mjög hrædd, þar sem ákærði hafi hóttað henni lífláti ef hún myndi skýra frá því sem

gerðist í sumarbústaðnum daginn áður. Hún hafi ekki verið búin að kæra atvikið til lögreglu, en hafði greint kærasta sínum frá því og hann rætt það við ákærða. Hún kvaðst hafa heyrt ákærða kalla margsinnis að hann vildi ræða við þau. A hafi farið fram og vísað ákærða út. Hún hafi heyrt einhver átök þeirra á milli og greinilega þegar ákærði féll niður stigann. Sjálf hafi hún ekki farið úr svefnherberginu. Hún hafi heyrt A biðja hann nokkrum sinnum að fara út. Hann hafi samt haldið áfram að segja „ég vil tala við ykkur!“ Í því hafi að hennar mati falist neitun hans um að yfirgefa íbúðina þegar honum var vísað út.

- 8 Vitnið B, kvaðst hafa verið sofandi veik heima þegar hún heyrði bankað „endalaust“ á útidyrnar. Hún hafi farið til dyra og þar hafi verið maður sem hafi viljað tala við móður hennar. Hún hafi sagt honum að bíða og hallað hurðinni á meðan hún myndi ræða við móður sína. Móðir hennar hafi sagt henni að segja að hún væri sofandi. Hún hafi farið niður og sagt manningnum þetta, en þá hafi hann „bara farið úr skónum og inn“ í íbúðina og upp stigann. Henni hafi brugðið, þótt þetta skrytið og ekkert vitað hvað hún átti að gera. Þegar hún hafi heyrt A koma fram á gang og kalla á ákærða að koma sér út hafi hún farið inn í herbergið sitt. Hún hafi gægst úr herberginu og séð manninn labba upp stigann og taldi hann hafa verið kominn upp á efri hæðina. A hafi verið þar og sagt manningnum að fara út, en hann hafi ekki farið út heldur haldið áfram að segjast ætla að tala við þau. Hún hafi svo komið út úr herberginu þegar maðurinn var farinn í burtu.
- 9 Vitnið A, kvaðst hafa verið inni í svefnherbergi með brotþola þegar bankað var niðri. B hafi farið til dyra og sagt ákærða að bíða á meðan hún myndi ræða við móður sína. Þegar hún hafi farið og sagt ákærða að þau væru sofandi, hafi hann gengið inn og upp í aðra eða þriðju tröppu stigans og heimtað að tala við þau. Vitnið hafi farið fram og kallað margsinnis á ákærða að „drulla sér út“ því hann væri ekki velkominn. Ákærði hafi þá verið á leiðinni að stiganum og hafi haldið áfram og stigið áleiðis upp tröppurnar. Hann hafi ekki látið sér segjast, ekki hlýtt fyrir mælum um að fara, heldur krafist þess að fá að ræða við þau. Það hafi ekki verið fyrir en vitnið hafi sparkað í hann, þannig að hann hrasaði áleiðis niður tröppurnar, að ákærði hélt í áttina út. Kvaðst vitnið hafa farið á eftir ákærða og slegið hann í forstofunni áður en hann fór út. Lýsti vitnið aðstæðum þannig að ganga þurfi um 3-4 metra frá forstofunni að stiganum upp á efri hæðina. Um samskipti sín við ákærða kvöldið áður sagði vitnið að ákærði hafi verið drukkinn og hóttað vitninu að hann skyldi passa sig á því hverja hann þekkti.

Niðurstaða

- 10 Ákærða er gefið að sök húsbrot með því að hafa í heimildarleysi ruðst inn í íbúð brotþola að [...], Siglufirði, og neitað að yfirgefa íbúðina er hann var krafinn um það. Málsatvik eru í stórum dráttum óumdeild. Ákærði ók frá Akureyri til Siglufjarðar og kom óboðinn að heimili brotþola klukkan rúmlega níu að morgni, daginn eftir að brotþoli hafði greint frá því að hann hefði brotið gegn henni [...]. Þrátt fyrir að þeim hafi ekki borið saman um umrætt atvik, mátti ákærða vera ljóst að við þessar aðstæður væri hann ekki velkominn á heimili brotþola. Samskipti hans við vitnið A kvöldið áður,

sem voru ekki í góðu, gáfu honum heldur ekki tilefni til að ætla að hann væri velkominn til viðræðna heim til vitnisins morguninn eftir orðaskiptin, heldur þvert á móti. Við þessar aðstæður knúði ákærði hins vegar margsinnis dyra, samkvæmt framburði vitnisins B sem var mjög trúverðugur eins og framburður annarra vitna, og bauð sjálfum sér inn í forstofu og inn á gang hússins á meðan barnið fór og ræddi við móður sína, þrátt fyrir að stúlkan hafi beðið hann um að bíða og hallað hurðinni. Af framburði ákærða fyrir dómi var óljóst hvort hann var kominn áleiðis inn í anddyrið eða hvort hann beið á stéttinni fyrir utan dyrnar eins og hann sagði fyrir lögreglu. Framburður stúlkunnar var hins vegar skýr að þessu leyti og í samræmi við framburð ákærða sjálfs fyrir lögreglu. Verður því lagt til grundvallar að ákærða hafi verið gert að bíða fyrir utan dyrnar, þó að dyrunum væri ekki lokað nema í hálfu gátt. Hvort heldur ákærði bauð sér inn í forstofuna eða úr forstofunni og inn í íbúðina þykir hins vegar ekki ráða úrslitum, þar sem fyrir liggur að ákærði fór inn í heimildarleysi án þess að hafa nokkra ástæðu til að ætla að hann væri velkominn.

- 11 Samkvæmt 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar sú háttsemi að ryðjast heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða að synja að fara þaðan, þegar skorað er á mann að gera það, sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum. Þó má beita fangelsi allt að einu ári ef miklar sakir eru, svo sem ef sá sem brot framdi var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.
- 12 Að mati dómsins braut ákærði með framangreindri háttsemi sinni gegn fyrri lið 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en túlka verður ákvæðið svo að í þeirri háttsemi að fara heimildarlaust inn í hús annars manns, eins og ákæra hljóðar eftir orðalagsbreytingu við aðalmeðferð, felist efnislega hið sama og að „ryðjast inn“ í skilningi ákvæðisins, enda er ljóst af seinni málslið ákvæðisins að ekki er gerður áskilnaður um einhvers konar hótanir, ógnun eða ofbeldi til þess að háttsemi verði talinn húsbrot.
- 13 Þegar vitnið B kom niður og sagði ákærða að móðir hennar væri sofandi og hann yrði að koma seinna, þá hélt ákærði engu að síður lengra inn í íbúðina og áleiðis upp tröppurnar sem lágu að efri hæðinni þar sem svefnherbergi brotþola var. Skýrði ákærði þessa hegðun sína þannig að það hafi ekki verið búið að segja við hann berum orðum að hann mætti ekki ræða við brotþola. Þessi mótbára ákærða fær ekki staðist. Hlaut honum að vera ljóst af orðum stúlkunnar að hann væri ekki velkominn inn á heimilið, heldur væri til þess ætlast að hann yfirgæfi það. Ákærði óhlýðnaðist síðan enn augljósum boðum um að yfirgefa húsið, þegar vitnið A kom fram úr svefnherberginu og krafðist þess með mjög afgerandi hætti að hann yfirgæfi heimilið. Þess í stað hélt ákærði áleiðis upp tröppurnar og krafðist þess að fá að ræða við brotþola. Það var ekki fyrr en vitnið beitti ákærða valdi að hann hrökklaðist á brott úr húsinu. Með þessu framferði neitaði ákærði að yfirgefa íbúðina, eins og segir í ákæru. Er brot hans réttilega heimfært undir 231. gr. almennra hegningarlaga.

14 Ákærði, sem fæddur er [...], hefur hreinan sakaferil. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að ákærði braut freklega gegn friðhelgi einkalífs og heimilis kæranda, þegar hann kom þangað að morgni dags þegar heimilisfólk var sofandi, knúði dyra þar til þeim var lokið upp og hélt inn í húsið í heimildarleysi, neitaði fyrirmælum um að yfirgefa húsið og krafðist þess að fá að tala við brotþola, sem honum hlaut að vera ljóst að vildi ekki ræða við hann eins og aðdraganda málsins og atvikum öllum var háttað. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

15 Að kröfu ákæruvalds og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærði dæmdur til greiðslu hluta sakarkostnaðar, alls 569.977 krónur, þ.e. 2/3 hluta þóknunar skipaðs verjanda síns, eins og hún ákveðst í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum, og helming ferðakostnaðar hans. Þá verður ákærða gert að greiða þóknun tilnefnds verjanda síns á rannsóknarstigi 62.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Við ákvörðun um skiptingu sakarkostnaðar er litið til þess að endurtaka þurfti aðalmeðferð vegna aðstæðna sem ekki varða ákærða. Þykir með hliðsjón af framlagðri tímaskýrslu verjanda rétt að ákærði beri 2/3 hluta þóknunar skipaðs verjanda og helming ferðakostnaðar, en það sem eftir stendur greiðist úr ríkissjóði.

Eypór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóminn. Dómarinn tók við málinu 23. júní sl.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 569.988 krónur í sakarkostnað, þ.e. 2/3 hluta þóknunar skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 471.200 krónur, helming ferðakostnaðar verjandans, 36.288 krónur, og þóknun tilnefnds verjanda síns, 62.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Úr ríkissjóði greiðist 1/3 hluti þóknunar verjanda ákærða, kr. 235.600, og helmingur ferðakostnaðar, 36.288 krónur.